

Alls mættu 7 til fundarins.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Tillaga um að Ágúst Jakobsson stýri fundi og Aníta Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi 1. júní 2022, en hana skipa:

Aníta Jónsdóttir, Ágúst Jakobsson, Helga Jónsdóttir, Ástrós Sigurðardóttir, Júlía Birgisdóttir.

Til vara voru kjörnar þær Sólrún Óskarsdóttir og Sólveig Ósk Guðmundsdóttir. Skv. lögum félagsins eru kjörnir 5 stjórnarmenn og 2 til vara og stjórn skiptir með sér verkjum. Sú hefð hefur hins vegar komist á að varamenn séu boðaðir til allra funda og taki að fullu þátt í störfum stjórnar.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum:

Ágúst formaður

Aníta gjaldkeri

Sólrún ritari

Helga, Júlía og Sólveig meðstjórnendur

Átta formlegir og bókaðir fundir hafa verið haldnir, fleiri óformlegir og án þess að rituð hafi verið fundargerð.

Helstu verkefni hafa verið þessi:

- Samskipti við móðursamtökin
 - Reglulegar skýrslur um félagatal, fjárhagsáætlun, ársreikninga o.fl.
 - Þátttaka í samráðsfundum með aðildarfélögum
- Umsjón námskeiða
 - Nokkur 2ja daga námskeið haldin fyrir leik- og grunnskóla
 - Eitt „foreldrafræðslunámskeið“
 - „The art of facilitating PD“ (Nadine Gaudin)
- Fræðslu- og umræðufundir á netinu– átta fjarfundir haldnir í vetur
- Fjármál og bókasala
 - Handbók fyrir grunnskóla kom út í haust
 - Á árinu 2023 seldar 49 ECE bækur og 147 PDC bækur
 - Samið um útgáfu verkfæraspjalda
- Samskipti við skóla
 - Fyrirspurnir frá skólum.. ráðgjöf og ábendingar
- Heimasíða o.fl.
 - Nokkuð verið bætt við af efni á lokaða svæðið

97 félagsmenn eru skráðir þessa stundina (voru 113 á síðasta aðalfundi, fækkaði töluvert við innheimtu félagsgjalda en hefur fjölgað nokkuð á ný.)

Nýir skólar eru enn að bætast í hópinn og er fjöldi skólanna núna:

- 21 leikskóli (óbreytt)
- 27 grunnskólar (fjölgun um 6)
- 3 samreknir skólar (óbreytt)
- **Samtals 51**

Umræður um skýrsluna.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Aníta og Ágúst fara yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning ársins 2023

Rekstrarreikningur 2023		
	2023	2022
Rekstrartekjur		
Sala bóka	1,044,696	814,155
Félagsgjöld	466,705	312,015
Námskeiðahald	0	180,640
Innvextir	12,544	3,042
Samtals	1,523,945	1,309,852
Rekstrargjöld		
Prentun bóka	687,704	445,904
Heimasíða	43,230	28,627
Bókhaldskerfi	9,908	
Zoom áskrift	25,930	19,803
Námskeiðahald	0	174,825
Þýðingarleyfi PDA	151,058	6,362
Félagsgjöld PDA	21,892	19,527
Þjónustugjöld	29,595	12,980
Fjármagnstekjuskattur	2,760	669
Samtals	972,077	708,697
Rekstrarniðurstaða	551,868	601,155

Efnahagsreikningur 31. desember 2023		
---	--	--

	2023	2022
Eignir		
Handbært fé	1,353,484	801,616
Eignir samtals	1,353,484	801,616
Eigið fé	1,046,584	576,616
Skuldir		
Ógreidd þýðingargj. PDA	176,400	
Ógreidd þýðingargj. ECE	16,200	
Ógreidd þýðingargj. PDC	114,300	
Skuldir samtals	306,900	225,000
Eigið fé og skuldir samt.	1,353,484	801,616

Ársreikningar bornir upp til samþykktar. Samþykktir.

Kynnt fjárhagsáætlun 2024:

Fjárhagsáætlun fyrir 2024 **Budget for 2024**

income expenses

	Tekjur	Gjöld	
Félagsgjöld	600000		membership fees
Árgjald PDA		25000	affiliate dues to PDA
Vefsíða - lén		10000	website domain
Vefsíða - hýsing		30000	website hosting
Zoom áskrift		30000	zoom subscription
Leiðtogaráðstefna		300000	workshop for school leaders
Veggspjaldaprentun		50000	poster design and printing
Myndbandagerð		150000	making of icelandic instructional videos
Fræðslufundir		150000	online mentor meetings
Gjöld til PDA v/ ECE 2023		44100	Payments to PDA for sold copies of ECE manual 2023 (49 copies)
Gjöld til PDA v/ PDC 2023		132300	Payments to PDA for sold copies of ECE manual 2023 (147 copies)
Þóknun þýðanda ECE 2023		16200	Payments for translation of ECE manual 2023 (49 copies sold)
Þóknun þýðanda PDC 2023		114300	Payments for translation of PDC manual 2023 (147 copies sold)
Prentun bóka ECE		150000	Printing of ECE manual (50 copies)
Sala bóka ECE	300000		Income for sold copies of ECE manual (50 copies estimated)
Prentun bóka PDC		450000	Printing of PDC manual (150 copies)
Sala bóka PDC	900000		Income for sold copies of PDC manual (150 copies estimated)
Verkfæraspjöld þýðing		100000	Tool cards translation
Verkfæraspjöld prentun		600000	Tool cards printing (300 copies)
Verkfæraspjöld höfundar		44000	Tool cards payment to authors
Verkfæraspjöld sala	220000		Income for sold copies of tool cards (100 copies estimated) 100 copies distributed to members of the affiliate
	2020000	2395900	
Balance	-375900		

4. Lagabreytingar

Tillaga um lagabreytingu – 7. grein

Núverandi:

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni, ritara, gjaldkera og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Að minnsta kosti einn stjórnarmaður á hverjum tíma skal hafa lokið leiðtoganámskeiði á vegum samtakanna (CPDT). Einnig skal kjósa 2 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmariton er í höndum meirihluta stjórnar.

Tillaga:

Stjórn félagsins skal skipuð 8 félagsmönnum, formanni, ritara, gjaldkera og 5 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Að minnsta kosti einn stjórnarmaður á hverjum tíma skal hafa lokið leiðtoganámskeiði á vegum samtakanna (CPDT). Einnig skal kjósa 2 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmariton er í höndum meirihluta stjórnar.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Ákvörðun um félagsgjöld

Móðursamtökin (Positive Discipline Association) gera kröfu um að félagsgjöld séu nokkurn veginn samræmd sem þýddi að síðast hækkuðum við þau nokkuð, í 6000 kr.

Tillaga stjórnar er að félagsgjöld verði óbreytt:

- a. Almennt gjald 6.000 kr.
- b. Leiðbeinendur (Certified Positive Discipline Trainer) 25.000 kr.

Tillagan borin upp og samþykkt.

6. Kosning stjórnar

Framboð til stjórnar eru eftirfarandi:

- Ágúst Jakobsson
- Aníta Jónsdóttir
- Helga Jónsdóttir
- Ástrós Rún Sigurðardóttir
- Sólrún Óskarsdóttir
- Sólveig Ósk Guðmundsdóttir
- Hjördís Pétursdóttir
- Sigþóra Baldursdóttir

Fleiri framboð komu ekki fram á fundinum og stjórnin kosin með öllum greiddum atkvæðum.

7. Önnur mál

- Verkefni framundan:
 - Ljúka við þýðingu og útgáfu verkfæraspjalda
 - Önnur þýðingavinna? (veggspjöld, fræðsluefni....)
 - Myndbandagerð? (Fleiri fræðslumyndbönd, myndbönd af bekkjafundum...)
 - Skipulagning umræðufunda næsta vetrar
 - Bæta heimasíðu og auka efni bæði á opnum og lokuðum hluta
 - Gera lista yfir annað fræðsluefni sem passar með JA?
 - Námskeiðahald
 - Í skólum – nokkur námskeið komin á dagskrá
 - Opin 2ja daga námskeið – þrjú komin á dagskrá
 - Námskeið / vinnustofa fyrir stýrihópa í skólum í haust
 - Foreldranámskeið?
- Helga Jónsdóttir segir frá því að Leikskólinn Grænuvellir eru svokallaður Jákvæðs aga Lab skóli. Á fundi Lab skóla í vetur var eitt umræðuefni „ Hvað ef Jákvæðu agi virkar ekki?“ Helga kemur með þá hugmynd að þetta umræðuefni væri hægt að taka fyrir á fræðslufundi næsta vetur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.
Aníta Jónsdóttir, fundarritari.